

## FRÉTTATILKYNNING



A Postcolonial Exhibition Project in Five Acts

### Opnun fyrsta hluta í Reykjavík 24. mars – 16. apríl 2006

*Listsýning í Nýlistasafninu*  
*Opnun föstudaginn 24. mars, kl. 17 – 20*  
*Fjölmiðlaopnun 24. mars kl. 14 – 16*

*Smiðja í ReykjavíkurAkademíunni*  
*25. – 28. mars*  
*Alla daga kl. 12 – 17*

Sýningarstjórn: Kuratorisk Aktion (Frederikke Hansen & Tone Olaf Nielsen) fyrir  
NIFCA, Norræna miðstöð nútímalistar

#### Upplýsingafulltrúi:

Hamayun Latif Butt, +45 22 54 97 27, hamayun@hamayun.cc  
www.nifca.org, www.rethinking-nordic-colonialism.org

### Nýlendukönnunin hefst í Reykjavík

Þann 24. mars 2006 hleypir NIFCA af stokkunum fyrsta hluta hins víðtæka sýningarverkefnis **Rethinking Nordic Colonialism** í Reykjavík, Íslandi. Tíu alþjóðlega virtir listamenn, fræðimenn og aðgerðasinnar frá Íslandi, Grænlandi, Svíþjóð, Trínidad, Tansaníu, Indlandi og Bandaríkjunum koma til þessarar fyrstum nýlendu Danaveldis til að taka þátt í þriggjavíkna sýningu og fjögurradaga smiðju sem eru opin almenningi. Í sameiningu munu þau skyggjast inn í gleymda sögu norrænnar nýlendusögu og ræða um hvernig þessi saga heldur áfram að hafa áhrif á innviði norrænna samfélaga í dag. Þessi fyrsti hluti fer fram í **Nýlistasafninu** og **ReykjavíkurAkademíunni**, og markar upphafið á þessu verkefni í fimm hlutum um Norræna nýlenduhyggju. Síðari hlutar verkefnisins fara fram á Grænlandi, í Færeyjum og í Samahéruðum Finnlands á tímabilinu apríl – júlí, og verður lokahnykkurinn útgáfa á DVD diskasetti í árslok 2006, þar sem framvinda verkefnisins alls verður skjalfest.

### Listsýning í Nýlistasafninu

Þessari sýningu, sem ber yfirskriftina **Fyrrverandi nýlendur – Núverandi heimsveldi: hversu “síð” er síðnýlenduhyggja?**, er ætlað að færa fram almenn verkfæri til að nálgast Norræna nýlendusögu. Sex listamenn, sem allir hafa unnið ítarlega með spurningar nýlenduhyggju og síðnýlenduhyggju, taka þátt í sýningunni með ljósmyndum, innsetningum, pappírsvörum, myndböndum og kvikmyndum. Hvert á sinn hátt, kanna þau það hreyfiafl sem býr í fortíð nýlenduhyggjunnar og að hvaða leyti það hreyfiafl er ennþá að verki í samtímanum. Listamennirnir **Maryam Jafri**, **Steve Ouditt** og **Kara Walker** rekja munstur nýlendufortíðarinnar í nútímanum. Veggspjaldaröð Jafris beinir sjónum að því hvernig fjölmiðlaumfjöllun um Íraksstríð nútímans líkist því hvernig nýlendustríð fortíðarinnar voru sett í umbúðir og færð á þægilegan máta heim í stofu til þeirra sem heima sátu. Gagnvirk myndletursinnsetning Ouditts færir í myndrænt horf þær leiðir sem nýlenduherraþjóðir hafa tileinkað sér til að hagnast á þeim auðlindum og þeim mannaúði sem þegar er til staðar við nýlenduhyggju. Verk Walkers rekur stigveldi kynþátta, kyngervis og kynferðis í

Ameríku dagsins í dag aftur til Suðurríkjanna frá því fyrir borgarastyrjöld og þeirra plantekrueigenda og þræla sem þeim tilheyrðu. Listamennirnir **Julie Edel Hardenberg**, **Ósk Vilhjálmsdóttir** og **Inuk Silis Høegh & Asmund Havsteen-Mikkelsen** nálgast vandamál samfélaga síðnýlendutímans. Ljósmyndaverk Hardenbergs kannar birtingarmyndir sjálfsmýnda og samfélags í Grænlandi heimastjórnarinnar. Ósk Vilhjálmsdóttir fjallar í stórrí innsetningu um árekstra milli umhverfisins og samsteypuhnattvæðingar á Íslandi síðnýlendutímans. Að síðustu setur verk Inuk Silis Høegh & Asmund Havsteen-Mikkelsen fram spurningar um stöðu Grænlands í hnattvæddum heimi þegar það hefur hlotið fullt sjálfstæði frá Dönum. Að auki samanstendur sýningin af yfirgripsmikilli kvikmyndadagskrá sem verður sýnd daglega í Nýlistasafninu, þar sem er að finna verk eftir virta kvikmyndagerðarmenn: **Stephanie Black**, **Randi Broberg**, **Laila Hansen**, **Isaac Julien**, **Alanis Obomsawin**, **Pratibha Parmar**, **Gillo Pontecorvo** og **Paul-Anders Simma**. Kvikmyndasýningin ber titilinn **Mótstöðuafli silfurkjásins** og endurspeglar fjóra áratugi kvikmyndagerðarsögu síðnýlendutímans, en nýjasta myndin er sérstaklega gerð fyrir verkefnið **Rethinking Nordic Colonialism**. [Boðskort á sýninguna er í viðhengi]

## Smiðja í ReykjavíkurAkademíunni

Daginn eftir sýningaropnunina er gestum boðið að taka þátt í fjögurra daga smiðju í ReykjavíkurAkademíunni, sem ber yfirskriftina **Endurlit til norrænnar nýlenduhyggu: staðbundið minnisleysi – hnattræn áhrif**. Smiðjunni, sem státar af fimm lykilyrirlæsum frá Íslandi og fjarlægari heimshlutum, er ætlað að staðsetja endurskoðunina á norrænni nýlenduhyggu í hnattrænu samhengi. Í smiðjunni verður spurt hvers vegna nýlendufróðir Norðurlanda hefur verið bæld niður og unnið verður að því að leita nauðsynlegra spurninga sem stuðlað geta að framsækinni umræðu í þessum heimshluta. **Mikela Lundahl**, hugmyndasagnfræðingur og dósent í menningarfræði við University West í Svíþjóð, ræðir um samsekt Norðurlanda í kúgun evrópskrar nýlenduhyggu. **Steve Ouditt**, myndlistarmaður og stundakennari við Háskóla Vestur Indía, flytur erindi um plantekruhagfræði og auðmagn vörumerkja. **Ívar Jónsson**, prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst, ræðir um nýlenduhyggu og skipulögð yfirráðasvæði. **Humphrey Polepole**, aðalritari tansaníska æskulýðsbandalagsins og meðlimur stýrihóps um sjálfbært tenglsanet almannagæslu, fjallar um sambandið milli nýlenduhyggu og vanþróun þriðja heimsins. Að síðust flytjur **Vandana Shiva**, indverskur vísindamaður og umhverfissinni, erindi sem ætlað er að storka viðteknum vestrænum hugmyndum og gildum. Stjórn smiðjunnar er í höndum íslenskra fræðimanna sem munu hvetja til almennra umræðna að erindum loknum. [Viðhengd er dagskrá í fullri lengd]

## Næstu hlutar

Sameiginleg rannsókn þátttakenda í fyrsta hluta verkefnisins leggur línurnar fyrir áframhald endurskoðunarinnar á Norrænni nýlenduhyggu í öðrum til fimmta hluta. Þessir hlutar munu færa fram nýja röð sýninga og smiðja með nýjum listamönnum, fræðimönnum, stjórnáráðgjöf og aðgerðasinnum. Í heildina taka þátt í verkefninu fimmtíuogsex einstaklingar hvaðanæva að úr heiminum, sem deila með sér og áheyrendum reynslu sinni úr nýlendutímanum og síðnýlendutímanum, og skiptast einnig á úrræðum meðan á verkefninu stendur. Með verkefninu **Rethinking Nordic Colonialism** er í fyrsta skipti gerð tilraun til að skrifa yfirgripsmikla sögu Norrænnar nýlenduhyggu sem tekur til greina öll Norðurlöndin. Verkefnið er grundvallað á einstöku samstarfi mikilvægra lista- og menningarstofnana í þessum heimshluta og styður þannig við nýlendufræði (sem fræðigreinin) á Norðurlöndum, sem aðeins er á byrjunarstigi um þessar mundir. [Nánari upplýsingar um 2. – 5. hluta er að finna í viðhengdri sýningardagskrá, eða á [www.rethinking-nordic-colonialism.org](http://www.rethinking-nordic-colonialism.org)]

## Útgáfa

Verkefninu **Rethinking Nordic Colonialism** er fylgt úr hlaði með ókeypis 148 blaðsíða handbók sem inniheldur fulla dagskrá, sem og nánari upplýsingar um þátttakendur og framlög þeirra. Einnig verður hægt að nálgast handbókina rafrænt á [www.rethinking-nordic-colonialism.org](http://www.rethinking-nordic-colonialism.org) frá 20. mars 2006.

## Fyrsti hluti: staðsetning og aðgangur

Nýlistasafnið, Laugavegi 26, 3. hæð, 101 Reykjavík, +354 551 4350, [nylo@nylo.is](mailto:nylo@nylo.is), [www.nylo.is](http://www.nylo.is).  
Opnunartími: miðvikudaga – sunnudaga, kl. 13 – 17, aðgangur ókeypis.

ReykjavíkAkademían, JL-húsinu, 4. hæð, Hringbraut 121, 107 Reykjavík, +354 562 8561, reykjavikur@akademia.is, www.akademia.is. Aðgangur ókeypis.

## Stuðningsaðilar

Verkefnið ***Rethinking Nordic Colonialism*** verður að veruleika vegna fjárhagslegs stuðnings eftirfarandi: NIFCA, Nordic Institute for Contemporary Art, Nordic Council of Ministers, Nýlistasafnið, Stoðir hf., ReykjavíkAkademían, Greenland National Museum and Archives, Teachers' Training School of Greenland, The Faroe Islands Art Museum, The Nordic House in the Faroe Islands, Finnish Railways, The Arctic Centre, The Danish Arts Council's Committee for International Visual Art, Atlantic Airways Ltd., Embassy of Canada in Finland, Icelandair, Svenska kulturfonden, Arts Council of Lapland, FRAME: Finnish Fund for Art Exchange, Royal Arctic Line A/S, Norræna húsið, Hótel Leifur Eiríksson, Dronning Ingrid's Hospital – Central Laboratoriet, Nuuk Værft A/S, og fleiri sem mun vera getið síðar...